

Jóhannes Einarsson og Sigurlaug Þorsteinsdóttir

Afhending 2012/63

Jóhannes Einarsson fæddist 19. júní 1863 á Grenivík. Hann var sendur í fóstur til móðursystur sinnar um tveggja ára aldur og ólst upp hjá henni og manni hennar í Keflavík á Látraströnd. Þegar Jóhannes var 6 ára fluttist fjölskyldan í Haganesvík í Fljótum. Árið 1875 flutti hann með fósturforeldrum sínum að Hvammi í Höfðahverfi.

Þegar fósturfaðir hans lést tók Jóhannes við búi og útgerð fósra síns í Hvammi. Jóhannes tók þátt í stofnun Kaupfélags Þingeyinga og var einn af stofnendum og starfsmaður hjá Sparisjóði Grýtubakkahrepps.

Árið 1886 kvæntist Jóhannes Sigurlaugu Þorsteinsdóttur frá Grýtubakka í Höfðahverfi. Fyrstu þrjú árin bjuggu þau í Hvammi en árið 1889 fluttu þau ásamt kornungri dóttur sinni til Kanada, þar sem þau bjuggu til æviloka.

Eftir að þau hjónin komu til Vesturheims voru þau fyrst í Norður-Dakota en 1890 futtust þau út í óbyggðir norð-vestur Kanada og námu land, þar sem seinna reis bærinn Calder. Þar bjuggu þau til æviloka.

Þau hjónin voru meðal frumbyggja í Íslendingabyggðinni Lögberg í Saskatchewan og varð Jóhannes brátt hinn mesti héraðshöfðingi og forsjarmaður í öllum málefnum landnemanna. Hann var meðal stofnenda samvinnufélags í bænum Salt Coats og var forseti Búnaðarfélags Churchbridge-bæjar í nokkur ár. Þá var hann virkur þátttakandi í Hveitisamtökum bænda í Saskatchewan og var fulltrúi sinnar byggðar á þingi þeirra samtaka árið 1924.

Jóhannes stofnaði einnig skóla í Lögbergi og var skólaráðsmaður skólans í 15 ár. Hann var einnig fyrsti póstafréiðslumaðurinn í Lögbergi, tók virkan þátt í stjórnámálum héraðsins og var dyggur stuðningsmaður kirkjunnar á svæðinu.

Jóhannes og Sigurlaug eignuðust 11 börn. Sigurlaug lést árið 1944 og Jóhannes árið 1950.

Afhendingin barst frá Joseph E. Martin, Toronto, Kanada. Hann er dóttursonur Jóhannesar og Sigurlaugar. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá þeim hjónum.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
17. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Jóhannes Einarsson og Sigurlaug Þorsteinsdóttir			
A-Jóhannes Einarsson og Sigurlaug Þorsteinsdóttir		1886 - 1947	
Jóhannes Einarsson og Sigurlaug Þorsteinsdóttir			2012 / 63
2012 - A / 1	1	1886- 1947	Viðskiptabók Ovidu Jónasdóttur í Hvammi við Gránufélagsverslun 1886-1887 (ljósrit); Brúðhjónavísur til Lofta Jónassonar og Guðríðar Einarsdóttur á Grýtubakka höf. Friðbjörn Bjarnarson (1886); bréf Friðbjörns Bjarnarssonar vegna söngfundar (1888); dagbókarbrot Jóhannesar frá júlí 1889 - nóvember 1890, ásamt fjárhagsyfirliti 31.12.1890 og fáeinum orðum um ársbyrjun 1891 (í upphafi eru hjónin að leggja af stað til Vesturheims).
2012 - A / 1	2	1888- 1930	Bréf til hjónanna.
2012 - A / 1	3	-	Ávarp flutt í gullbrúðkaupi Jóhannesar og Sigurlaugar og Guðmundar Sveinbjörnssonar og Guðrúnar Þorsteinsdóttur (óárs.[1936]); blaðafregn um fráfall Sigurlaugar (1944); listi yfir bækur úr safni Jóhannesar Einarssonar (seldar Guðmundi Hjálmarssyni ?); erfiljóð um Þorstein Þorsteinsson, höf. Jónas Jónsson; lýsing á jörðinni Hvammi í Grýtubakkahreppi (óárs.); bréf Jóns Einarssonar til Sigurlaugar móður sinnar (skrifað á vígvellinum í Evrópu 1917 - ljósrit)

Sjá nánar í
bréfaskrá